

106. fundur hverfisnefndar Holta og hlíðahverfis.

Haldinn 28. desember 2017 að heimili formanns.

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson, Eiríkur Aðalsteins og Auður Inga. Fjarverandi Páll og Einar Gauti.

1. Nýr í hverfisnefnd

Erlingur Harðarson og kona hans Arnfríður Arnardóttir sendu inn bréf til hverfisnefndar 4. desember sl. og óskuðu eftir að koma með okkur í hverfisnefndina. Formaður hafði svarað póstinum til Erlings þann 5. desember sl. og bauð þau velkomin í hópinn á fund sem verður 9. janúar 2018. Ekki varð úr að Erlingur yrði með okkur í nefndinni þar sem hann varð bráðkvaddur þann 10. desember sl. Við vottum fjölskyldu hans samúð og vonumst til að Arnfríður hafi samband við okkur aftur, hafi hún áhuga/tök á að vera með í starfi okkar.

2. Aðalskipulag 2018-2030

Aðalskipulagið rætt og formaður ætlar að ítreka beiðni um að ekki verði svæði við enda Þórsvallar, við Glerárskóla skilgreint sem byggingarsvæði á þeim forsendum að eftir sé að byggja nýjan leikskóla á svæðinu og ekki sér fyrir endann á því hvar hann skuli vera, né leiksvæði hans né heldur hvernig tengsl hans við Glerárskóla verði. Ætlar hverfisnefnd að óska eftir að svæðið verði enn skilgreint sem grænt svæði til næsta aðalskipulags.

3. Deiluskipulag Hlíðarhverfi norður

Hverfisnefnd mun svara deiluskipulaginu fyrir lok skiladags 3. janúar 2018.

4. Skilti við grillhús í hverfinu

Skiltið er nú í vinnslu hjá Stell og kemur til með að verða á íslensku, ensku og pólsku. Verður sett upp vonandi fyrir sumartímann.

Hverfisnefnd óskar bæjarfélaginu gleðilegs nýs árs og þakkar fyrir gamla árið. Nefndin óskar eftir fleiri athugasemdum bæjarbúa, hverfisbúa sem og óskar eftir fleiri í hverfisnefndina.

Berglind Rafnsdóttir, ritari.